

# VERKSAMNINGUR

---

## 1 Samningsaðilar

Verksali:                   xxxxxxx  
                                  Xxxxxxxxxxxx  
                                  xxxxxxxxxxx

Verkkaupi:                xxxxxxx  
                                  xxxxxxx  
                                  xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

---

## 2 Efnisatriði samnings

Verksali tekur að sér að afhenda umbeidd hugbúnaðarkerfi eins og því er lýst í útboðsgögnum samkvæmt ákvæðum, skyldum og kröfum sem tilgreindar eru í samningi þessum og tilheyrandi fylgiskjölum.

---

## 3 Lýsing verks / markmið útboðs

Um er að ræða verkefnið .....(hér er markmiðum útboðsins lýst)

Verksali tekur að sér hönnun, smíði, aðlögun, skjölun, gerð prófunarlýsinga, prófanir og afhendingu eins og nánar er lýst í fylgiskjölum samningsins.

---

## 4 Fylgiskjöl

Frá fylgiskjölum er gengið í sérstökum heftum, einu fyrir hvorn aðila, með áritun á titilblaði. Eftirtalin skjöl eru fylgiskjöl með samningi þessum og eru jafnframt hluti hans:

1. Útboðslýsing XXXX, dagsett xx.xxxx XXXX
2. Tilboð verksala –
3. Verkáætlun, dagsett xx.xx.xxxx.
4. Kröfulýsing útgáfa x.x, dagsett xx.xx.xxxx, ásamt fylgiskjölum.
5. Verkefnishandbók, dagsett xx.xx.xxxx.
6. Verktrygging verksala, dagsett xx.xx.xxxx.

---

## 5 Verðgrundvöllur og verðbætur

Um verð í samningi þessum gilda eftirfarandi reglur:

1. Samningsverð kerfisins er fast og óverðtryggt og gildir til verkloka skv. skilgreindum verklokum og hugsanlegum breytingum á þeim í samræmi við breytingar á verkáætlun.
2. Tímagjöld vegna viðbótarverka verða óbreytt út verktímann.
3. Gjöld fyrir mánaðarlegan þjónustusamning breytast með launavísitölu þó eigi oftari en á 12 mánaða fresti.

---

## 6 Verð og greiðsluskilmálar

Heildarfjárhæð samnings þessa er kr. xxxxxxx samanber tilboð verksala í fylgiskjali XX.

Samningsupphæð skal greiða sem hér segir:

- 10% af samningsupphæð kerfisins við undirritun þessa verksamnings.
- 75% af samningsupphæð kerfisins við eftirfarandi áfanga í verkinu:
  - 20% við lok hönnunar
  - 30 % við lok forritunar
  - 25% við lok kerfisprófana
- 15% af samningsupphæð kerfisins við verklok þ.e. þegar verkkaupi og verksali eru sammála um og hafa samþykkt verklok.

Tímagjald fyrir viðbótarverk skal vera kr. xxxxxx samanber tilboð verksala í fylgiskjali 11.

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til verkkaupa, þá greiðir verksali tafabætur **0,15 % af samningsfjárhæð** fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Dragist fullnaðarskil á kerfinu verður litið á það sem stórfelldar vanefndir og tilefni til rifturnar samningsins af hálfu verkkaupa. Meðferð tafabóta skal vera í samræmi við ÍST 32.

---

## 7 Verkáætlun

Verksali skal leggja fram sundurliðaða verkáætlun við upphaf verks.

Verksali skal á mánaðarfresti eða oftari, ef verkkaupi krefst þess, leggja fram endurskoðaða verkáætlun (sbr. verkáætlun í fylgiskjali XX).

Nú fer verkáætlun úr skorðum að verulegu leyti, að mati verkkaupa, vegna atriða sem verksali ber ábyrgð á. Þá er verkkaupa heimilt að halda eftir greiðslum samkvæmt grein 6, þar til ráðin hefur verið bót á því, án þess að þurfa að svara verksala vöxtum eða verðbótum.

Samþykki verkkaupa á nýrri verkáætlun firrir verksala á engan hátt ábyrgð, sem hann hefur axlað samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Verkkaupi heimilar verksala að breyta útfærslum vegna lausna á kröfum í tilboðsgögnum ef það hentar verksala betur við framkvæmd verksins, þó skal það ávallt gert með samþykki verkkaupa og að því gefnu að slíkt hafi ekki neikvæð áhrif á virkni kerfisins.

Verkkaupi mun tilkynna verksala um allar breytingar sem kunna að verða vegna ytri aðstæðna og hafa áhrif á framvindu og mönnun verksins eins fljótt og auðið er. Aðilar munu leita allra leiða til þess að slíkar breytingar hafi ekki áhrif á skilátíma verksins en semja um það að öðrum kosti.

---

## 8 Viðbótarverk

Viðbótarverk eru þau verk sem ekki er getið í samningnum eða fylgiskjölum með honum en tengjast breytingum á hugbúnaðinum eða framkvæmd prófana nema annað sé sérstaklega tilgreint.

Verksala er óheimilt að undirbúa eða framkvæma slík verk nema fyrir liggi skriflega samþykkt verkbeiðni frá verkkaupa. Nú undirbýr eða framkvæmir verksali viðbótarverk án samþykktar og ber honum þá engin greiðsla fyrir.

Verkkaupi skal greiða fyrir undirbúning viðbótarverka sem hann hefur óskað eftir jafnvel þó ekki verði af framkvæmdum. Tímagjald vegna viðbótarverka er tilgreint í grein 6.

Verksali mun mánaðarlega gera reikning til verkkaupa fyrir þá vinnu við viðbótarverk sem unnin hefur verið í næstliðnum mánuði.

---

## 9 Afkastageta og viðbragðstími

Afkastageta og viðbragðstími kerfisins skal vera í samræmi við þær kröfur, sem settar eru fram í kröfulýsingu. Nákvæmri útfærslu á prófun þessara atriða skal lýst í prófunarlýsingu og er hún háð samþykki verkkaupa.

---

## 10 Viðtökupróf

Um viðtökupróf kerfisins gilda ákvæði kafla 5 í ÍST 32 ásamt skilgreiningum í útboðsgögnum.

---

## 11 Afhendingartími

Fjallað er um áætlaða gangsetningu kerfisins í útboðslýsingu. Um verklok hvers áfanga verksins er fjallað í kröfulýsingu og útboðsgögnum. Samningsaðilar skulu staðfesta endanleg lok hvers áfanga skriflega að uppfylltum kröfum, sem fram koma í útboðsgögnum og í samræmi við verkáætlun á hverjum tíma. Ábyrgðartími verksala vegna verksins hefst þegar kerfið hefur verið rekið villulaust í þrjá mánuði samfleytt eftir gangsetningu og skal standa í tuttugu og fjóra mánuði frá undirritun yfirlýsingarinnar.

---

## 12 Ábyrgð verksala og verkkaupa

Um ábyrgð verksala á verkinu gilda ákvæði ÍST 32 (sjá kafla 1.2.14 í útboðslýsingu) í samræmi við eftirfarandi:

Verkkaupi skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir í því skyni að lágmarka tjón komi til þess að hugbúnaður virki ekki sem skyldi, með því að nota framhjálaup (alternative process), taka öryggisafrit af gögnum, skilgreina ágalla og afstemma eða sannreyna niðurstöður o.fl.

Verksali skuldbindur sig til að takast á hendur leiðréttingu/lagfæringu ágalla án endurgjalds sem koma upp innan 24 mánaða frá undirritun yfirlýsingar um verklok. Þessar skuldbindingar verksala falla niður ef:

- a. Verkkaupi hefur sjálfur tekist á hendur að lagfæra hugbúnaðinn án undangengins skriflegs samþykkis verksala.
- b. Ágallinn stafar af því að notkun verkkaupa á búnaðinum er ekki í samræmi við útboðslýsingu.
- c. Ágallinn stafar frá tölvubúnaði verkkaupa.
- d. Ágallinn stafar af því að notaður er annar búnaður en verksali hefur samþykkt.
- e. Viðgerðir og viðhald hugbúnaðarins hefur verið innt af hendi af öðrum en verksala.
- f. Ágallinn stafar af ástæðum, sem varða verkkaupa eða þriðja aðila sem verkkaupi ber ábyrgð á.

Verksali mun eins fljótt og við verður komið bæta úr þeim ágöllum, sem kunna að koma upp á hugbúnaðinum. Úrbætur geta verið í því formi að lagfæra ágallann eða láta í té nýjan hugbúnað. Verkkaupi fellst á að setja upp nýjar útgáfur af hugbúnaði enda þótt þær kunni að valda minniháttar truflunum í rekstri vegna aðhæfingar búnaðarins.

Ágalli, sem verksali ber ábyrgð á, sem veldur því að hugbúnaðurinn verði ekki tekinn í notkun að hluta eða öllu leyti veitir verkkaupa rétt á tiltölulegum afslætti eða skaðabótum ef vanefndirnar eru verulegar. Kröfur í þessum efnum skal verkkaupi setja fram innan 24 mánaða frá yfirlýsingu um verklok. Réttur verkkaupa skv. þessari grein er einnig háður því að hann hafi tilkynnt verksala skriflega um ágallann og verksali ekki bætt úr ágallanum innan 14 vinnudaga frá þeim tíma.

Ágallar, sem verksali er ekki skuldbundinn til að leysa úr getur verksali leyst úr eftir nánara samkomulagi og gildandi töxtum fyrir þjónustu.

Skaðabótaábyrgð aðila samnings þessa er háð því að þeir hafi sýnt af sér verulegt gáleysi eða gróf mistök á fullnustu samningsins. Skaðabótakröfur skulu settar fram innan 24 mánaða frá tjónsatburði, ella falla þær niður.

Skaðabótaábyrgð samningsaðila nær ekki til rekstrartaps, glataðs ágóða eða sparnaðar, tapaðra gagna eða annars óbeins tjóns.

Verksali ber enga ábyrgð á notkun verkkaupa á hugbúnaðinum eða áhættu af því tjóni, beinu eða óbeinu, sem hlotist getur af notkuninni.

---

## 13 Tafabætur

Tafabætur vegna verksins skal reikna af lokaáfangi verksins skv. endanlegri verkáætlun og kafla 1.2.13 í útboðslýsingu ef afhending hans dregst fram yfir verklokadag í samræmi við grein 9.1.4 í ÍST 32.

Upphæð tafabóta er 0,15% af heildarupphæð samnings án virðisaukaskatts fyrir hvern almanaksdag sem afhending lokaáfangans dregst. Að öðru leyti fer meðferð tafabóta eftir grein 9.1.4. í ÍST 32.

Sjá ennfremur grein 6 hér fyrir framan.

---

## 14 Framkvæmdatrygging

Verksali leggur fram framkvæmdatryggingu vegna samnings þessa, sbr. kafla 1.2.14 í útboðslýsingu. Um meðferð framkvæmdatryggingarinnar gilda ákvæði ÍST 32.

---

## 15 Samskipti verkkaupa og verksala

Eftirtaldir aðilar hafa verið skipaðir sem fulltrúar verkkaupa og verksala vegna samnings þessa:

### Verkefnisstjórn

F.h. verkkaupa: xxxxxxxx xxxxxxxxxxxxxxxx

F.h. verksala: xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

### Stýrihópur – eftirlit með samningnum

F.h. verkkaupa: xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

F.h. verksala: xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

### Fjárhagsleg atriði

F.h. verkkaupa: XXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

F.h. verksala: xxxxxxxxxxxxxxxx

### Lögfræðileg atriði

F.h. verkkaupa: XXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

F.h. verksala: xxxxxxxxxxxxxxxx

Æski annar hvor samningsaðila eftir að skipta um einhvern fulltrúa sinn vegna verksins skal hann tilkynna það skriflega á fundum verkefnisstjórnar eða stýrihóps samkvæmt grein 17.

Á stýrihópsfundum sitja fulltrúar í verkefnisstjórn auk stýrihópsfulltrúa. Verkefnisstjóri verkkaupa boðar stýrihópsfundum.

Verkkaupi leggur verksala til skrifstofuaðstöðu og búnað, s.s. tölvur, prentara og jaðartæki, í húsnæði verkkaupa til að vinna þróunarvinnu eftir þörfum. Verkkaupi skuldbindur sig jafnframt til að leggja fram starfsfólk, húsnæði, vél- og hugbúnað og samskiptabúnað fyrir verksala svo hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þ.m.t. útfærslur á skilgreiningum, prófanir á virkni hugbúnaðar, vandamálagreiningu og verkaðstöð.

---

## 16 Framvindufundir

Framvindufundir skulu haldnir vikulega. Verkefnisstjóri verkkaupa boðar til fundar og kallar til þá aðila verkkaupa og verksala sem fundarefnið varðar. Á fundunum skal fjalla um framvindu verksins. Þar skal m.a. farið yfir allar áætlanir vegna verksins og þær endurskoðaðar. Einnig skal taka afstöðu til framkominna verkbeiðna og fara yfir framkomnar villutilkynningar.

Einungis á framvindufundum veitir verkkaupi einstökum hlutum verksins formlega viðtöku og er það skráð í fundargerð. Verkkaupi skal halda sérstaka skrá yfir afhendingu verkhlutanna. Þar skal lýst skilmerkilega hvaða hluta verksins er veitt viðtaka ásamt formlegri viðtökudagsetningu.

Verkkaupi skal skrá fundargerðir framvindufunda og senda verksala þær til samþykktar innan fimm virkra daga frá fundi. Verksali telst hafa samþykkt fundargerð hafi hann ekki gert skriflegar athugasemdir og komið þeim til verkkaupa innan 10 virkra daga frá móttöku fundargerðarinnar.

Stýrihópsfundir skulu haldnir á mánaðar fresti til þess að fylgja eftir framkvæmd verksins. Á þessum fundum skal samþykkja allar breytingar sem lúta að framvindu verksins og skera úr ágreiningsatriðum sem upp kunna að koma. Sama fyrirkomulag skal vera á fundargerðum og fyrir framvindufundi.

Dagskrá funda sem haldnir eru vegna þessa verkefnis og mál til umfjöllunar á fundum skal verkefnisstjóri verkkaupa senda fundarmönnum með tveggja daga fyrirvara.

---

## 17 Varðveisla frumforrita og annarra frumgagna

Varðveita skal eintak af frumforritum og hönnunarlýsingum í gagnatraustri geymslu. Vikulega skal afriti af nýjum og breyttum frumgögnum komið fyrir í þeirri sömu geymslu. Jafnframt er dagsetning og lýsing afrits færð í afritsbók. Afritsbók er í vörslu verksala og hefur verkkaupi aðgang að henni til eftirlits. Öll afrit og afritsbókin skulu rækilega merkt verkkaupa.

Á tveggja mánaða fresti skal heildarafrit af öllum frumgögnum kerfisins afhent verkkaupa.

---

## 18 Merking búnaðar í eigu verkkaupa

Verksali skal merkja verkkaupa á ótvíræðan hátt allan búnað, sem afhenda skal vegna verksins um leið og hann kemur í vörslu verksala.

---

## 19 Afnotaréttur, höfundaréttur, eignaréttur og söluréttur

Verkkaupi áskilur sér allan höfundar- og ráðstöfunarrétt á kerfinu, hér með talin full yfiráð yfir frumforritum og öðrum frumgögnum kerfisins og rétti til að breyta þeim að vild án þess að sérstakar greiðslur komi fyrir. Með frumgögnum kerfisins er hér átt við allar afurðir sem verða til hjá verksala við smíði kerfisins, svo sem forritstexta, sérsníðnaða íhluti, hönnunarskjöl hverskonar, verkáætlanir, prófunarlýsingar o.s.frv.

Verkkaupi eignast afnotarétt af öllum hugbúnaði og öllum skjölum samkvæmt samningi þessum jafnharðan og það verður til hjá verksala.

Verkkaupa er heimilt að taka smíði kerfisins í sínar hendur eða fela hana þriðja aðila ef svo stendur á sem segir í grein 9.5 í ÍST 32. Verksali skal þá afhenda verkkaupa án óþarfa tafa öll frumgögn sem nauðsynleg eru til að geta haldið smíði kerfisins áfram. Verkkaupa er þá heimilt að gera á þeim þær breytingar sem hann telur nauðsynlegar.

Verksala er heimilt að nýta forritstexta og afurðir verksins í eigin þágu, þó þannig að fulls trúnaðar um gagnahögun og uppbyggingu kerfisins sé gætt.

---

## 20 Breytingar á samningi

Breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar. Þær taka ekki gildi fyrr en þannig hefur verið frá þeim gengið og þær undirritaðar af báðum aðilum. Á stýrihópsfundum skal farið yfir ákvæði samningsins og þau endurskoðuð ef nauðsyn reynist.

---

## 21 Þagnarskylda

Báðir samningsaðilar og starfsmenn þeirra hafa þagnarskyldu að því er varðar atvik eða málefni hjá hinum aðilanum, sem þeir hafa fengið vitneskju um vegna vinnu sinnar í sambandi við þennan samning. Þagnarskyldan gildir eftir lok samningsins.

---

## 22 Óviðráðanlegar ástæður (Force Majeure)

Verði annar hvor samningsaðila fyrir hindrunum við að uppfylla samningsskyldur sínar gagnvart hinum aðilanum af ástæðum, sem honum eru óviðráðanlegar (Force Majeure) frestast viðkomandi skyldur til þess tíma er hindranirnar eru afstaðnar og samningsaðilar geta uppfyllt samningsskyldur sínar.

Standi hindrun lengur en í þrjá mánuði getur gagnaðili með 14 daga fyrirvara sagt upp samningnum. Hvorugur samningsaðila á þá kröfu á hendur hinum.

---

## 23 Réttarfar

Mál vegna samnings þessa skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til gerðardómsmeðferðar þarf samþykki beggja aðila. Verði samkomulag um að gerðardómur skeri úr um ágreining aðila skulu lög 53/1989 um gerðardóm gilda um þá málsmeðferð.

---

## 24 Frumrit samnings

Samningur þessi er 7 bls. auk fylgiskjala. Af honum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum aðila.

**Samþykkt:**

Reykjavík, \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
f.h. verkkaupa

\_\_\_\_\_  
f.h. verksala

Vottar:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_